



LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

Stefna – markmið - aðgerðir



Stefnumörkun lögreglunnar á Austurlandi árið 2021

(Helstu tölur árið 2020)

Samantekt og ábyrgð

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Markmið.....	3
3. Hugmyndafræði	3
4. Framtíðarsýn	4
5. Stefna / áherslur	4
5.1. Samvinna og samskipti.....	4
5.2. Innra starf	4
5.3. Afbrot og verkefni	4
Umferðarmál	4
Fíkniefnamál	4
Útlendingamál.....	4
Heimilisofbeldi	5
6. Markmið/áætlun embættisins fyrir árið 2021	5
7. Eftirfylgni /umbætur	7
Helstu tölur ársins 2020 bornar saman við markmið/áætlanir sama árs.	8

1. Inngangur

Lögreglan á Austurlandi birti stefnumörkun í fyrsta sinn fyrir árið 2020. Um tilraunaverkefni var að ræða.

Lykilmarkmið embættisins var að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa. Stefnan tók mið af því markmiði. Áhersla var meðal annars lögð á aukinn sýnileika, markvissari greiningu gagna og upplýsingamiðlun, aukin samvinna við íbúa og lykilstofnanir og áhersla á innra starf, þar á meðal samvinnu deilda lögreglu og stöðva.

Tölur úr þolendakönnun embættis Ríkislögreglustjóra fyrir árið 2020 og viðhorfsskönnun félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir sama ár benda til að lögregla sé á réttri braut. Að því sögðu eru breytingar á stefnu þessa árs því smávægilegar og markmiðin sömuleiðis.

Með útgáfu og kynningu á stefnumörkuninni er leitast við að styrkja starfsemi lögreglu, gera vinnu hennar og markmið sýnilega íbúum og auka samstarf og skilning þar á milli.

Helstu tölur lögreglu fyrir árið 2020 má finna hér í fylgiskjali þar sem þær eru bornar að markmiðum og áætlunum sem settar voru það ár.

2. Markmið

Lögreglan stefnir að aukinni þjónustu við íbúa með markvissum aðgerðum til fækkunar brota og slysa. Þannig nái hún því lykilmarkmiði að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa og þeirra sem starfa og dvelja í umdæminu.

3. Hugmyndafræði

Lögreglan telur að með áherslu á innra starf með viðvarandi umbótavinnu, sem og með

- ✓ áframhaldandi markvissu samstarfi við stofnanir og íbúa á svæðinu,
- ✓ faglegri tölfræðilegri greiningu á tíðni og umfangi brota og stöðu verkefna með vísan til settra markmiða,
- ✓ sýnileika og
- ✓ markvissri frumkvæðisvinnu í umferðarmálum og öðru eftirliti sem lögreglu heyrir til

megi enn auka gæði löggæslunnar og þjónustu við íbúa og ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

4. Framtíðarsýn

Að lögreglan á Austurlandi verði ávallt tilbúin að takast á við þau verkefni sem upp kunna að koma af styrk, fagmennsku og innan tímamarka þannig að þjónusta hennar verði hnökralaus og af bestu gæðum.

5. Stefna / áherslur

5.1. Samvinna og samskipti

Lögregla lítur á það sem forgangsatriði að tryggja samvinnu við lykilstofnanir og hagsmunaðila. Þar er átt við stjórnendur sveitarfélaga á svæðinu, félagsþjónustu og barnavernd en einnig slökkvilið í ljósi aðstæðna og nátturvár hvers konar, Landsbjörg og Veðurstofu sem og Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Vegagerð og Rauða krossinn.

Þá stefnir hún að virku samstarfi og samtali við íbúa á svæðinu, til að mynda með útgáfu stefnumörkunar sem þessarar og reglulegra upplýsingamiðlunar um stöðu mála á heimasíðu lögreglu, á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.

5.2. Innra starf

Lögregla stefnir að því að auka upplýsingamiðlun til starfsmanna þannig að þeir verði á hverjum tíma vel upplýstir um það sem efst er á baugi bæði innan stofnunar og utan. Hún stefnir og að efltri þjálfun og menntun starfsmanna þannig að þeir verði ávallt tilbúinir að takast á við þau verkefni er upp koma.

Leiðarljós í samskiptum er virðing, trúnaður, kurteisi og heiðarleiki.

5.3. Afbrot og verkefni

Umferðarmál

Stefnt er að því að fækka umferðarslysum með sýnileika lögreglu á völdum stöðum og tímum og með beinum afskiptum. Áhersla verði lögð á að ná niður hraða þar sem þess er þörf en ekki síður á öryggismál eins og vanrækslu á notkun öryggisbelta, notkun snjalltækja við akstur og lögbundna skoðun ökutækja. Þá er áhersla lögð á að upplýsa á heimasíðu meðal annars og á samskiptamiðlum um verkefni lögreglu.

Fíkniefnamál

Stefnt er að því með öflugri greiningarvinnu að auka eftirlit og afskipti vegna fíkniefnabrota og efla þannig forvarnir. Þá er stefnt að áframhaldandi markvissri notkun fíkniefnaleitarhunds embættisins hvort heldur við landamæraeftirlit eða á öðrum stöðum þar sem grunur leikur á broti.

Útlendingamál

Stefnt er að öflugu eftirliti með dvalar- og atvinnuréttindum útlendinga, með vinnustaðaeftirliti meðal annars auk öflugs landamæra- og öryggiseftirlits í tengslum við ferjusiglingar.

Heimilisofbeldi

Stefnt er að aukinni kynningu á samstarfsverkefni lögreglu og sveitarfélaga um aðgerðir vegna heimilisofbeldis. Í því felst meðal annars að upplýsa hvaða aðstoð þolendum og gerendum stendur til boða. Það verði til að mynda gert á samfélagsmiðlum lögreglu og sveitarfélaga sem og í landshlutablöðum og miðlum.

6. Markmið/áætlun embættisins fyrir árið 2021

Þjónusta – öryggi	Mæling
Lögregla stefnir að því að veita þeim sem búa, starfa og dvelja í umdæminu bestu mögulegu þjónustu í samræmi við hlutverk hennar og áherslur. Þannig setur hún markmið um að hlutfall þeirra sem telja lögreglu skila góðu starfi verði ekki undir 90%.	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til þjónustu og starfa lögreglu / Ríkislögreglustjórinn
Lögregla stefnir að því með störfum sínum að tryggja öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa starfa og dvelja í umdæminu. Þannig setur hún markmið um að hlutfall þeirra sem telja sig mjög eða frekar örugga í umdæminu verði ekki undir 95%.	Þolendakönnun lögreglu (Reynsla landsmanna af afbrotum og öryggistilfinning íbúa /Ríkislögreglustjórinn.)

Samstarf	Mæling
Stefnt er að áframhaldandi samstarfi við stofnanir á svæðinu og félagasamtök. (Sveitastjórnir, barnavernd og félagsþjónusta, slökkvilið, Landsbjörg, Veðurstofu, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Vegagerð og Rauði krossinn.)	Metið meðal samstarfsaðila hvernig til hefur tekist. Litið verði meðal annars til fjölda funda og hverju þeir hafi skilað. (Matið skal gert í janúar ár hvert og formlegri niðurstöðu skilað til lögreglustjóra.)

Greining og skráning brota og verkefna	Mæling
Fylgst verði með tegund og tíðni hegningarlaga brota eins og auðgunarbrota, eignaspjalla og ofbeldisbrota (Stefnt að fækkun hegningarlaga brota um 3% frá síðasta ári.)	Lögreglukerfið LÖKE
Fylgst verði með þróun skráðra umferðarslysa. (Stefnt að fækkun skráðra umferðarslysa um 3% frá síðasta ári.)	Lögreglukerfið LÖKE
Fylgst verði með þróun skráðra heimilisofbeldismála, en gert er ráð fyrir að fjöldi þeirra verði svipaður og á síðasta ári þegar mikil fjölgun átti sér stað vegna breyttrar skráningar.	Lögreglukerfið LÖKE
Fylgst verði með þróun í fjölda/hlutfall barna og ungmenna sem segjast hafa notað vímuegjafa borið saman við sambærilegar tölur síðustu ára.	Rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining (R&G)

Sýnileg löggæsla	Mæling
Að tryggja sýnileika lögreglu og nálægð við íbúa með auknu eftirliti almennt, sérstaklega við skóla og á fjölförnum vegum og vegarköflum þar sem slys hafa verið tíð	Skráning í LÖKE, „sýnilegt eftirlit“
Reglulegar upplýsingar um áherslur lögreglu hverju sinni og þróun brota og verkefna skráðar reglulega á vefmiðla lögreglu, eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. (Heimasíða og samfélagsmiðlar.)	Fjöldi skráninga lögreglu á netmiðla í tengslum við þetta verkefni
Að hlutfall íbúa sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl á sínu svæði oftast en einu sinni í viku samkvæmt viðhorfskönnun verði ekki undir 70%	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til þjónustu og starfa lögreglu

Frumkvæðislöggæsla	Mæling
Gert ráð fyrir 3% fjölgun skráðra umferðarlagabrota frá árinu 2020	Lögreglukerfið LÖKE
Gert ráð fyrir svipuðum fjölda fíkniefnabrota miðað við fjölda skráðra brota árið 2020.	Lögreglukerfið LÖKE
Öflug landamæragæsla og öryggiseftirlit á landamærum, sambærileg þeirri sem haldið var uppi á árinu 2020. (Fjöldi skráðra lögreglumanna sem sinnir landamæragæslu og öryggiseftirliti hverju sinni / fjöldi tilvika.)	Lögreglukerfið LÖKE
Aukið eftirlit með dvalar- og atvinnuréttindum útlendinga, borið saman við niðurstöðu ársins 2020.	Lögreglukerfið LÖKE

7. Eftirfylgni /umbætur

Lögreglan stefnir að því að kynna megin niðurstöður er varða þróun brota og valinna verkefna sem nefnd eru í kafla sex hér að framan, á heimasíðu lögreglu, samfélagsmiðlum og fjölmiðlum í byrjun næsta árs.

Lögregla mun og freista þess í ársbyrjun 2022 að hitta samstarfsaðila með það að markmiði að fara yfir og bæta það sem betur má fara og efla það sem vel er gert. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í febrúar.

Þá mun umbótahópur, sem allir starfandi lögreglumenn á svæðinu heyra til, koma saman eigi síðar en í janúar á næsta ári og rýna stefnumörkunina með það að markmiði að meta hvernig til tókst og ákveða næstu skref.

Helstu tölur ársins 2020 bornar saman við markmið/áætlanir sama árs.

Bráðabirgðaniðurstöður ársins 2020 liggja nú fyrir. Þær eru þessar helstar:

- 1) Þjónusta – öryggi
 - a) Markmið var sett um að hlutfall þeirra sem telja lögreglu skila góðu starfi verði ekki undir 85%.
 - i) Niðurstaðan var 97%
 - b) Markmið var sett um að hlutfall þeirra sem telja sig mjög eða frekar örugga í umdæminu verði ekki undir 90%.
 - i) Niðurstaðan var 99%
 - c) Markmið var sett um að hlutfall íbúa sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl á sínu svæði oftast en einu sinni í viku verði ekki undir 55%.
 - i) Niðurstaðan var 73,8%
- 2) Samstarf
 - a) Stefnt var að markvissu samstarfi við stofnanir á svæðinu og félagasamtök
 - i) Vegna COVID á síðasta ári var samstarf við sveitarfélög, HSA og Rauða krossinn afar þétt. Áttatíu og fimm fundir voru haldnir í aðgerðastjórn fjórðungsins vegna COVID með þessum stofnunum og tuttugu og átta í almannavarnanefnd. Það samstarf á eftir að skila sér í öðrum samstarfsverkefnum þessara aðila
- 3) Greining og skráning brota og verkefna
 - a) Hegningarlagabrot
 - i) Stefnt var að fækkun hegningarlagabrota um um 3% miðað við meðalfjölda brota síðastliðin fimm ár.
 - (1) Hegningarlagabrotum fjölgaði um 8% miðað við meðalfjölda brota síðastliðin fimm ár. Þeim fækkaði hinsvegar frá síðasta ári um 15%.
 - b) Umferðarslys / umferðalagabrot
 - i) Stefnt var að fækkun umferðarslysa með auknum sýnileika og afskiptum, þar á meðal að leggja aukna áherslu á öryggismál eins og vanrækslu á notkun bílbelta, notkun snjalltækja við akstur og lögbundna skoðun ökutækja.
 - (1) Slysum fækkaði um 43% miðað við meðalfjölda slysa síðastliðin fimm ár. Slysum fækkaði frá síðasta ári um 17%. (Slysum hefur farið fækkandi tvö ár í röð, frá 2018 til 2020.)
 - c) Heimilisofbeldismál
 - i) Gert var ráð fyrir fjölgun skráðra heimilisofbeldismála með aukinni kynningu lögreglu og sveitarfélaga til íbúa um samstarfsverkefni þessara aðila og aukna þjónustu og aðstoð til þolenda og gerenda
 - (1) Skráðum brotum í tengslum við heimilisofbeldi fjölgaði um 270% frá meðaltali síðustu fimm ára og frá síðasta ári um 136%. (Tiltölulega fá brot sem um ræðir og því geta hlutfallstölur verið háar.) Sambærilegar tölur félagsþjónustu sveitarfélaganna Fjarðabyggðar og Múlaþings, hafa hinsvegar ekki farið upp að sama skapi. Má því gera ráð fyrir að nákvæmari skráning þessara mála hjá lögreglu kunni að skýra í það minnsta hluta af fjölguninni.
 - d) Frumkvæðislöggæsla
 - i) Umferðarlagabrot
 - (1) Skráðum umferðarlagabrotum fækkaði um 1% miðað við árið 2019. Þeim fjölgað hinsvegar um 29% miðað við meðalfjölda brota síðastliðin fimm ár. (Skráðum umferðarlagabrotum á landsvísi fækkar um 26% milli árunna 2019 og 2020. Heimild [Bradabirgdatolur-2020_GB.pdf \(logreglan.is\)](#).)
 - (a) Kærum vegna vanrækslu á notkun bílbelta fjölgaði frá árinu 2019 um 80%. Þeim fjölgaði einnig sem meðaltal síðustu fimm ára um sama hlutfall, 80%
 - (b) Kærum vegna farsímanotkunar fjölgaði frá árinu 2019 um 152%. Þeim fjölgaði einnig sem meðaltal síðustu fimm ára um 423%.
 - (c) Númeraafklippum fjölgaði frá árinu 2019 um 13%. Þeim fækkaði hinsvegar sem meðaltal síðustu fimm ára um 27%.

ii) Fíkniefnabrot

(1) Gert var ráð fyrir fjölgun fíkniefnabrota með öflugri greiningarvinnu og aukinni notkun fíkniefnaleitarhunds meðal annars.

(a) Skráðum fíkniefnabrotum fjölgaði sem meðaltal áráanna 2015 til 2018 en fækkaði um 45% frá árinu 2019. Þeim fækkaði sem meðaltal brota árin 2015 til 2019 um 7%. (Fíkniefnamál voru óvenju mörg árið 2019 í samanburði og tengist útihátíðum það ár.)